



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 127/1162

komudagur 12. 3. 2002

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.

Alþýðusamband Íslands styður tillöguna um nefndarskipan og þau markmið sem nefndinni samkvæmt þingsályktunartillögunni er ætlað vinna að. Jafnframt er lögð áhersla á að ASÍ, sem eru stærstu samtök launafólks og neytenda hér á landi, eigi aðild að slíku starfi.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Rannveig Sigurðardóttir,
hagfræðingur ASÍ.

Alþingi
Erindi nr. Þ 1.2.2002
komudagur 13.3.2002



Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs
The Commerce and Tourism Office
of Eyjafjörður Area

Akureyri 11. mars 2002

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar fagnar framkominni þingsályktunartillögu en á erfitt með að meta gildi eða gagnsemi hennar þar sem félaginu er kunnugt um að verið sé að vinna í nefnd, á vegum Samgönguráðuneytisins, um sama eða svipað efni. Þegar niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir er hægt að meta hvort ástæða er til að meta sérstaklega þá þætti sem hér eru nefndir þ.e. áhrif þungaskatts á vöruverð, rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Verði hinsvegar engin niðurstaða úr vinnu nefndarinnar sem nú starfar á vegum Samgönguráðuneytisins þykir okkur sjálfsagt að fylgja þessari tillögu eftir.

Virðingarfyllst

Benedikt Guðmundsson
Forstöðumaður
Þróunarsviðs AFE
Glerárgötu 36
600 Akureyri
Netfang: benedikt@afe.is
VS-460-5700
GSM-896-4395



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1161
komudagur 12.3.2002

Dagsetning
22. febrúar 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 266, tillögu til þingsályktunar um samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Nefndin kanni sérstaklega áhrif þungaskatts á vöruverð, rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafi haft á þessa þætti.

Byggðastofnun telur mikilvægt að fram fari almenn könnun á rekstrar- og samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja, þróun vöruverðs og búsetuskilyrða almennt á landsbyggðinni samanborið við höfuðborgarsvæðið. Þetta er í samræmi við þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, en þar er m.a. lagt til að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar verði fram tillögur um breytingar ef þurfa þyki. Þá er þar einnig lagt til að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Markmiðið er m.a. að kanna áhrif flutningskotnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingargjalds og virðiaukaskatts.

Virðingarfyllt

Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1525
komudagur 26.3.2002

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 26. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings mælir með samþykkt tillögunnar enda fellur hún að markmiðum sem fram koma í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/941
komudagur 27.2.2002



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 27. febrúar 2002
Tilvísun : IVR02020086/10.203/KS

Ráðuneytið vísar til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis dags. 19. þ.m. þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi þá er gert ráð fyrir að gerð verði sérstök athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum. Í því sambandi vísast til verkefnis nr. 6 á bls. 15 í tillögunni "Athugun á starfsskilyrðum atvinnuvegann". Jafnframt vill ráðuneytið vekja athygli á að samgönguráðherra skipaði nefnd sl. haust sem sérstaklega var farið að gera athugun á flutningskostnaði fyrirtækja á landsbyggðinni.

Þó svo að ráðuneytið sé efnislega sammála því sem fram kemur í tillögunni þá telur ráðuneytið eðlilegra að unnið verði að þessari athugun á grundvelli þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

F.h.r.



Alþingi
Erindi nr. P 127/1048
komudagur 7.3.2002

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Íðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. mars 2002

Sam 085/2002 PS/sp
Tilv.: 215,1

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisaðstöðu
atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. febrúar, var lagt fram bréf íðnaðarnefndar Alþingis, dags. 19. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.


Stjórnin lýsir sig sammála þingsályktunartillögunni og telur eðlilegast að efni hennar verði ein þeirra aðgerða sem gripið verður til sbr. þingsályktun um stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 sem er nú til umfjöllunar á Alþingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þóður Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1012
komudagur 5.3.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 1. mars 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu
atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.**


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 28. febrúar s.l.,
var tekið fyrir erindi yðar dags. 19. febrúar 2002 ásamt tillögu til þingsályktunar
um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“ Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1013
komudagur 6.3.2002

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.

Tillagan snýst að því er virðist fyrst og fremst um þungaskatt og áhrif hans á rekstur á landsbyggðinni.

Að mati Samtaka iðnaðarins væri rétt að meta almennt hver er þáttur flutningskostnaðar í rekstrarkostnaði á landsbyggðinni og þar með áhrifin á verð vöru og framleiðslu.


Samtök iðnaðarins eru almennt þeirrar skoðunar að sértækar aðgerðir í atvinnumálum eigi að vera sem minnstar og að þær skapi oft fleiri vandamál en þær leysi. Þetta viðhorf hefur m.a. komið fram í umsögn til iðnaðarnefndar um 551. mál í apríl 2001.

Það er ljóst að flutningskostnaður vegur þungt í rekstri margra fyrirtækja á landsbyggðinni og að þróun í skipaflutningum og landflutningum síðustu misserin hefur verið þeim að mörgu leyti andstæð.

Samtök iðnaðarins vita ekki betur en að sérstök nefnd starfi á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að skoða þessi mál og setja fram tillögur. Það ætti því að vera óþarfi að skipa enn eina nefndina eins og þingsályktunin gerir ráð fyrir.

Rétt er að koma því sjónarmiði Samtakanna á framfæri að verði niðurstaða stjórnvalda sú að rétt sé að bæta fyrirtækjum á landsbyggðinni erfið rekstrarskilyrði vegna flutningskostnaðar, þá á að gera það með beinum og gegnsæjum hætti sem tengist flutningskostnaði einstakra fyrirtækja. Það á alls ekki að grípa til aðgerða sem hafa áhrif á aðra rekstrarþætti.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, 551. mál.



Selfossi, 22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1469
komudagur 25. 3. 2002

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 20. mars sl., voru eftirfarandi þeingmál frá Alþingi tekin til umsagnar:

Eftirfarandi umsagnir voru samþykktar:

- a. Frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál.
Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.
- b. Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þorskeldi, 56. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- c. Tillaga til þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál.
Stjórn SASS tekur er undir meginhugmynd tillögunnar en telur eðlilegt að umsjón með skipulegri áfallahjálp verði falin heilsugæslustöðunum.
- d. Frumvarp til laga um eldi nytjastofna, 333. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- e. Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- f. Tillaga til þingsályktunar um flutning verkefna frá stjórnarsýslustofnunum til sýslumannsembættu á landsbyggðinni, 488. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- g. Tillaga til þingsályktunar um aukapening Alþingis um byggðamál, 24. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- h. Frumvarp til umferðarlaga, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.

- i. Frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjáráukalög, og 28. mál fjáráukalög 2001.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpanna.
- j. Tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði, 192. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- k. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/939
komudagur 27.2.2002



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2002
Tilvísun: 2002020054/90.1.1
HH/BH
Tilv. ykkar: 19.02.2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.

Með bréfi dags. 19. febrúar er óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórninni falið að skipa nefnd, sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Sérstaklega verði könnuð áhrif þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni og rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja þar. Nefndin á að skila skýrslu til Alþingis fyrir 1. október 2002.

Á undanförmum árum hefur athyglin í vaxandi mæli beinst að hagrænum þáttum samgangna. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur meðal annars unnið nokkur slík verkefni fyrir samgöngustofnanir landsins, bæði fyrir einstakar stofnanir og þær sameiginlega. Þannig er í gangi vinna við rannsóknarverkefnið *Samgöngulíkan fyrir Íslandi*, sem taka mun á hagrænum þáttum samgangna. Þetta verkefni er unnið fyrir Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Vegagerðina. Þá hefur Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri einnig unnið að hagrænum athugunum fyrir Vegagerðina. Hagrænar athuganir hafa vafalítið farið fram á vegum fleiri aðila en samgöngustofnana.

Bent er á þetta hér til að undirstrika það að hér er um fremur flókin verkefni að ræða, sem vanda þarf til og taka umtalsverðan tíma ef niðurstöður og tillögur eiga að vera marktækar.

Vegagerðin telur að rannsóknir á þessu sviði þurfi að aukast á næstu árum, og mun fyrir sitt leyti stuðla að því. Ekki er tekin afstaða til þess hvort hentugt sé að skipa nefnd til að skoða sérstaka þætti í þessum málaflokki. Sé það hins vegar gert þarf að ætla henni bæði tíma og fjármagn til verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Helgi Hallgrímsson
vegamálastjóri.